

Ed.

637. Breytingartillögur

[129. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við frumvarpið komi ný grein, er verði 1. gr. og orðist svo:
Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á land eða rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, sölvafjöru, eggjatöku eða annars utan landamerkja sinna, en innan landamerkja annarrar jarðar eða fyrir landi hennar. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „og skal þá úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt lögum“ komi: og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.